

**Tollstjóri annars vegar og Tollvarðafélag Íslands hins vegar  
gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um  
röðun starfaflokka við stofnunina skv. ákvæðum í  
kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.**

**1. gr.  
Gildissvið**

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna í Tollvarðafélagi Íslands sem starfa hjá Tollstjóra.

**2. gr.  
Markmið**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með þessum stofnanasamningi:

- að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og tryggi jöfn laun fyrir sambærileg störf án nokkurs konar mismununar s.s. vegna kynferðis
- að gagnsæi og hlutlægni sé gætt við launaákvarðanir
- að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram markmiðum Tollstjóra
- að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu
- að stuðla að því að tekin verði upp starfsmannaviðtöl a.m.k. annað hvert ár

**3. gr.  
Starfaflokkar og starfsheiti**

Hér á eftir verður fjallað um tillögur að nýjum starfsheitum tollvarða en fjöldi tollvarða í hverju starfi fer eftir skipulagi hverju sinni. Tollstjóri og samstarfsnefnd TFÍ eru sammála um að neðangreint verði innlegg Tollstjóra í tillögur til ráðuneytis að breytingum á reglugerð nr. 89/2009.

Tollvörður getur fengið starfsheitið tollsérfræðingur, tollfulltrúi o.s.frv. allt eftir því í hvaða starf hann fer, óháð þeirri reglu að tollverðir verði tollsérfræðingar eftir að fimm ár hafa liðið frá skipun. Þó getur tollvörður ekki orðið tollsérfræðingur með launaheiti B, tollfulltrúi eða farið enn ofar í starfsheitum nema hafa klárað tollskólann.

Tollverðir fara með löggæsluvald og taka ákvarðanir á vettvangi sem mikilvægt er að séu vandaðar. Þar með þarf að hafa skýra framkvæmd um hvenær staðgengill eigi að vera til staðar eða aðstoðarmaður eftir atvikum. Hægt er að fara mismunandi leiðir í þessum efnum en blönduð leið er einnig möguleg.

Yfirtollvörður og aðstoðaryfirtollvörður leysa hvor annan af en ekki þarf að setja staðgengil í þeirra stað nema sérstaklega standi á að mati forstöðumanns. Slík ákvörðun yrði tekin með formlegum hætti.

Aðalvarðstjórar og fastir staðgenglar leysa hvor annan af og gert er ráð fyrir að þeir ræði og skipti með sér orlofi á sanngjarnan hátt líkt og gildir almennt um staðgengla. Ef svo ber undir að hvorugur þeirra er við (hér er ekki átt við styttri viðveru vegna funda o.fl.) skal gerð tilraun til að kalla annan aðalvarðstjóra eða staðgengil þeirra út. Ef ekki tekst að leysa málið með þeim hætti skal skal velja einn stjórnanda fyrir vaktina en ekki þarf að velja staðgengla í bæði hlutverkin. Það sama gildir um þá sem

l27  
RME  
OSR  
SM  
DYS

eru í forsvari fyrir vakt án þess að fara með hlutverk aðalvarðstjóra þ.e. fyrst skal leita til annarra sem eru í sams konar starfi ef setja þarf staðgengil. Í starfi aðalvarðstjóra getur einnig falist að leysa yfirtollvörð eða aðstoðarmann hans af en það er ákveðið hverju sinni. Ef eingöngu er einn tollvörður á starfsstöð aðalvarðstjóra skal leysa afleysingar með öðrum hætti.

Ekki þarf almennt staðgengla fyrir tollverði, tollsérfræðinga eða tollfulltrúa nema þörf sé á að einn tiltekinn aðili gangi raunverulega í störf viðkomandi.

Í neðangreindum lýsingum er ekki í öllum tilfellum um endurtekningu frá fyrri lýsingu að ræða ef hún er stígvaxandi. Það sem fellur undir lýsingu á einu starfi getur átt við um starf sem lýst er í framhaldinu.

Aðilar samkomulags eru sammála um að skilgreina eftirfarandi ný störf:

*Tollsérfræðingur (launaheiti B)*

*Aðalvarðstjóri (launaheiti C ef yfir vakt)*

Þá eru aðilar sammála um að ýmis hlutverk tollvarða (t.d. *tollsérfræðingur, tollfulltrúi og aðalvarðstjóri*) hafi verið endurskilgreind og þar með færst nær þeirri lýsingu sem kemur fram í reglugerð um starfsheiti tollvarða nr. 89/2009. Ekki er þörf á að nota starfsheiti varðstjóra í núverandi skipuriti miðað við neðangreindar forsendur.

Tollverðir skulu vera með starfsheiti og einkenni sem samsvara því hlutverki sem þeir raunverulega gegna. Gefin verða út ný starfsheitaþréf/starfslýsingar í þeim tilvikum þegar það á við.

Hvert það starf sem er lýst í þessu samkomulagi miðast við þau hlutverk/störf sem eru til í skipuritinu hverju sinni.

Tollstjóri hefur þá sýn að greiða viðbótarlaun fyrir álag, sveigjanleika og frammistöðu þegar það á við. Mikilvægt er að horfa til þessara þátta við ákvörðun viðbótarlauna.

### 3.1. Tollverðir (tímabundin ráðning)

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn annarra sbr. skipulag á hverjum tíma. Tollvörður er settur tímabundið t.d. til sumarafleysinga eða hefur ekki hafið nám við Tollskólann.

Launaflokkur: 13

Tollverðir (tímabundin ráðning) eru með eftirfarandi einkenni:



### 3.2. Tollverðir (nemar í Tollskóla)

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn annarra sbr. skipulag á hverjum tíma. Tollvörður er settur tímabundið og stundar nám við Tollskólann.

Handwritten notes in blue ink: "6SR", "102", "RME", "SS", "110", "DWS".

Launaflokkur: 15

Tollverðir (nemar í Tollskóla) eru með eftirfarandi einkenni:



### 3.3. Tollverðir

Almenn störf við tollframkvæmd. Tollvörður skal sinna almennum tollgæslustörfum og geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptamanna og starfsmanna embættisins. Í starfinu getur einnig falist að verkstýra t.d. einstökum tolleftirlitsaðgerðum þótt ekki sé um stjórnendastarf að ræða. Tollvörður hefur lokið prófi frá Tollskólanum.

Launaflokkur: 17

Tollverðir eru með eftirfarandi einkenni:



Tollvörður sem hefur verið skipaður tollvörður í fimm ár fær starfsheitið tollsérfræðingur (launaheiti A) og launaflokk og breytingu á starfi í samræmi við það. Á þessum tímamótum ræðir næsti stjórnandi við viðkomandi tollvörð um aukna ábyrgð í starfi og í hverju það felst. Tollvörður getur óskað eftir því að verða ekki tollsérfræðingur en slíka ósk skal skoða í ljósi þess hve margir eru að störfum sem hafa lagt fram sams konar beiðni.

### 3.4. Tollsérfræðingar

Tollverðir sem bera starfsheitið tollsérfræðingar geta annað hvort haft launaröðun A eða B. Hér má sjá nánari lýsingu á þessum störfum:

#### *Tollsérfræðingur (launaheiti A)*

Starfið felur í sér sjálfstæða vinnu og umsjón með sérhæfðum og vandasömum viðfangsefnum og sérhæfingu í ákveðnum málaflokkum.

Í starfinu getur einnig falist starf fóstura, kennsla í Tollskólanum sem og verkstýring t.d. einstakra tolleftirlitsaðgerða þótt ekki sé um stjórnendastarf að ræða. Aðgerðagreining getur einnig falist í starfinu. Hæfniskröfur sem gerðar eru til sjálfstæðis í starfi eru meiri en almennt gerist um önnur störf sem lýst er í 3.1.-3.3.

Launaflokkur: 20

6SR  
10  
SSA  
DYS  
RMB

Gert er ráð fyrir að tollvörður sem gegnir hlutverki sem fastur staðgengill aðalvarðstjóra<sup>1</sup> sé tollsérfræðingur (óháð starfsaldri) og fái einnig fjóra launaflokka fyrir það starf á meðan hann gegnir umræddu hlutverki. Tilkynna skal tollverði það skriflega með eins mánaða fyrirvara (eða samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi tollvörð) að hann taki við stöðu staðgengils. Í starfslýsingu skal koma fram hvað felst í stöðu staðgengils. Þegar ekki er óskað eftir að tollvörður gegni lengur stöðu staðgengils skal honum tilkynnt um þá breytingu skriflega. Í bréfinu skal koma fram að tollvörður fái ekki lengur fjóra launaflokka sem staðgengill og skal bréfið sent með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara.

Þeir tollverðir sem fara með verkstjórn minni vakta (með 5 eða færri) þar sem aðalvarðstjóri eða stjórnandi er ekki til staðar á sólarhringsvöktum eru tollsérfræðingar og fá jafnframt tvo launaflokka fyrir það starf. Sami ferill um tilkynningu og breytingar gildir hér og í tilviki staðgengils aðalvarðstjóra.

#### *Tollsérfræðingur (launaheiti B)*

Hæfniskröfur sem eru gerðar til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf sem lýst er í 3.1.-3.4.

**Störf sem falla undir lýsingu á tollsérfræðingi B eru sem hér segir og ekki önnur:**

#### *Greiningardeild*

Um er að ræða dagvinnustörf í greiningardeild. Nánar tiltekið fela störfín í sér dýpri greiningu út frá áhættuþáttum í áhættumati á ólögum starfsemi á landamærum (G-skýrslu) og samvinnuverkefni með innlendum og erlendum samstarfsaðilum. Það felur m.a. í sér vinnu við áhættuvísu í greiningarkerfum, öflun, greiningu og úrvinnslu upplýsinga um tollamál til skipulagningar og ákvörðunar eftirlitsverkefna, heildstæða skoðun á vörufilum út frá mismunandi áhættuþáttum, stuðning við aðgerðagreiningu á landsvísi, samantektir og skýrslugerð m.a. til dreifingar á viðeigandi starfsmenn embættisins, tölfraeðivinnslu, skráningu í erlenda gagnagrunna og umsjón og stýringu alþjóðaaðgerða.

Launaflokkur: 23

Tollsérfræðingar (launaheiti A og B) eru með eftirfarandi einkenni:



<sup>1</sup> Staðgengill aðalvarðstjóra er fastur staðgengill. Starfsheiti hans er tollsérfræðingur og vinnur hann að meginstefnu til að daglegum viðfangsefnum vaktarinnar þegar stjórnandinn er við. Öllum er þó ljóst hver það er sem er staðgengill og þegar stjórnandinn er ekki við tekur hann ákvarðanir. Hér er upplýsinga- og ákvörðunartökukeðjan alltaf ljós, staðgengillinn er ekki milliliður þegar stjórnandinn er í vinnu. Staðgengill þarf að hafa þekkingu til að taka helstu „minni“ ákvarðanir í daglegum rekstri. Með aðalvarðstjóra er hér átt við störf sem lýst er annars vegar sem: *Aðalvarðstjóri yfir vakt* og hins vegar sem: *Aðalvarðstjóri á landsbyggðinni* í kafla 3.6.

Handwritten notes in blue ink: "RML", "SSS", "DYS", "OSR", "KD".

### 3.5. Tollfulltrúar

Starfið felur í sér viðfangsefni sem krefjast mikillar sérhæfingar, sérþekkingar eða reynslu. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf sem lýst er í kafla 3.1.-3.4. Í starfinu felst að taka þátt í skipulagningu viðfangsefna og stefnumótun þeirra verkþátta sem undir starfið heyrir. Kennsla getur verið hluti af starfinu.

**Störf sem falla undir lýsingu á tollfulltrúa eru sem hér segir og ekki önnur:**

#### *Tollflokun (lögfræðideild)*

Starfið (eitt starf) felur í sér ábyrgð á tollflokunarmálefnum. Í því felst m.a. ráðgjöf, bæði innan embættisins og til stofnana og ráðuneyta, ritun rökstuðnings vegna ágreiningsmála um tollflokun og erlend samskipti. Einnig felst í starfinu að hafa umsjón með breytingum á íslensku tollskránni.

#### *Endurskoðun (endurskoðunardeild)*

Starfið (eitt starf) felur í sér, ásamt hefðbundnum endurskoðunarstörfum, umsjón með villutíðni-greiningu tollskýrslna, ráðgjöf við áhættugreiningu á tollskrá og umsjón með upprunakönnunum.

#### *Tollafgreiðsludeild Reykjavík*

Starfið (eitt starf) felur í sér umsjón með tollafgreiðslu sendinga og faglega stjórnun hvað varðar ýmis sérhæfð mál t.d. á sviði tollflokunar, tollverðs og uppruna. Tengiliður við upplýsingadeild varðandi rekstur og þróun tollakerfis.

#### *Rannsóknardeild*

Um er að ræða tvö störf. Fyrra starfið felur í sér ásamt hefðbundnum rannsóknarstörfum, ábyrgð á afgreiðslu beiðna erlendra tolyfirvalda til rannsóknardeildar um framkvæmd upprunakannana. Hið síðara felur í sér ásamt hefðbundnum rannsóknarstörfum móttöku og skráningu mála sem berast rannsóknardeild, umsjón með málum varðandi brot á lyfjalögum og samskipti við Lyfjastofnun og Landlækni vegna þeirra mála.

#### *Greining (greiningardeild)*

Um er að ræða tvö störf. Fyrra starfið felur í sér umsjón með strategískri greiningu og að hafa yfirsýn yfir áhættur og veikleika í tolleftirliti á landamærum. Í því felst m.a. að sjá um framkvæmd áhættumats á ólögmatrí starfsemi á landamærum og veikleikum við tolleftirlit innanlands sem og í samstarfi við aðrar Norðurlandþjóðir. Hið síðara felur í sér umsjón með dýpri greiningu á vörufælði á landsvísu ásamt því að skipuleggja (sem stoðhlutverk) val viðfanga/aðgerðagreiningu á landsvísu (utan Keflavíkurflugvallar). Til staðar er heildarsýn á áhættuþætti sem yfirstjórn hefur valið í forgang og utanumhald um tengslanet starfsmanna greiningardeildar m.a. vegna alþjóðlegra aðgerða.

#### *Frakt (Keflavík)*

Starfið (eitt starf) felur í sér að vera í faglegu forsvari fyrir frakteiningu á Keflavíkurflugvelli. Ef aðalvarðstjóri (aðrir – sólarlagsákvæði) er til staðar á viðkomandi stað kemur hann í stað tollfulltrúa.

#### *Miðlæg geymsla fyrir haldlagðan varning og einkennisföt tollvarða*

Starfið (eitt starf) felur í sér eftirlit með haldlögðum varningi, förgunum og birgðakerfi AST-kerfisins á landsvísu. Hluti af starfinu felur í sér að gera áætlanir og aðstoða við talningar í geymslum fyrir haldlagðan varning. Jafnframt umsjón með einkennisfatnaði tollvarða.

Launaflokkur: 26

102  
RMB  
SSS  
DYS  
GSR  
10

Tollfulltrúar eru með eftirfarandi einkenni:



### 3.6. Aðalvarðstjórar

Þeir tollverðir sem hafa starfsheitið aðalvarðstjórar geta haft eftirfarandi hlutverk:

#### *Aðalvarðstjóri aðrir (sólarlagsákvæði – launaheiti A)*

Aðalvarðstjóri sem tilheyrir þessum hópi sinnir tollframkvæmd undir verkstjórn annarra sbr. skipulag á hverjum tíma. Starf hans getur falið í sér hlutverk sem er lýst í kafla 3.4. (tollsérfræðingar). Um er að ræða eftirfarandi störf:

- Aðalvarðstjóri á vakt í Keflavík í eldra skipulagi
- Aðalvarðstjóri í eftirliti/greiningu í eldra skipulagi
- Aðalvarðstjóri í frakt í eldra skipulagi: Um er að ræða starf sem fellur undir lýsingu á tollfulltrúa. Viðkomandi fer með faglega stjórn á fraktinni eftir ákvörðun stjórnanda hverju sinni.

Launaflokkur: 25

#### *Aðalvarðstjóri á landsbyggðinni (launaheiti B)*

Aðalvarðstjóri sem tilheyrir þessum hópi er í faglegu forsvari fyrir starfshóp á landsbyggðinni (t.d. Austurland) eða einn á starfsstöð sinni eftir atvikum. Hann fer ekki með hlutverk mannauðsstjórnanda en hefur þó ákveðið umboð til að skipuleggja viðfangsefni starfsstöðva eftir ákvörðun hverju sinni. Hann hefur víðtæka þekkingu á lögum og reglum er lúta að tollframkvæmd og tryggir að farið sé eftir verklagi á starfsstöð. Kennsla getur verið hluti af starfinu.

Launaflokkur: 28

#### *Aðalvarðstjóri yfir vakt (launaheiti C)*

Aðalvarðstjóri sem tilheyrir þessum hópi er stjórnandi vakta, dagvinnuhóps eða tiltekinna starfsstöðvar embættisins eftir því sem við getur átt og er ákveðið hverju sinni. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf sem lýst er í kafla 3.1.-3.4. Dagleg stjórnun starfsmanna (mannauðsstjórnun) er stór hluti starfsins. Starfsmaður framkvæmir og innleiðir verklag í takt við stefnu og áhættustjórnun, aðlagar verklag vegna mælinga og tryggir stöðugar umbætur. Hann hefur víðtæka þekkingu á lögum og reglum er lúta að tollframkvæmd. Í starfinu geta falist samskipti við aðrar stofnanir. Í starfi aðalvarðstjóra getur einnig falist að leysa yfirtollvörð eða aðstoðarmann hans af en það er ákveðið hverju sinni. Kennsla getur verið hluti af starfinu.

Launaflokkur: 28

Aðalvarðstjórar eru með eftirfarandi einkenni:

OSR  
107 DYS  
RMU SSS  
JLO



### 3.7. Aðstoðaryfirtollverðir

Aðstoðaryfirtollvörður er yfirtollverði til aðstoðar við að sinna þeim störfum sem falla undir hlutverk yfirtollvarðar sbr. kafli 3.8. eftir því sem við getur átt og eru jafnframt staðgenglar hans. Aðstoðaryfirtollvörður er ekki millistjórnendalag milli yfirtollvarðar og aðalvarðstjóra. Þegar báðir eru á staðnum fer upplýsingakeðjan almennt frá III. stjórnendalagi (aðalvarðstjórum) beint til yfirtollvarðar nema annað sé ákveðið t.d. í sérstökum málaflokkum. Kennsla getur verið hluti af starfinu.

Launaflokkur: 31

Aðstoðaryfirtollvörður er með eftirfarandi einkenni:



### 3.8. Yfirtollverðir

Yfirtollvörður annast innleiðingu stefnu, áætlanagerð og skipulagningu mælinga með innra eftirlit og áhættustjórnun að leiðarljósi. Einnig yfirumsjón með skiptingu og úrlausn allra verkefna deilda á sínu málefnaviði. Yfirtollverðir hafa m.a. umsjón með starfi annarra starfsmanna, þ.m.t. aðstoðaryfirtollvarða. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.7. og hefur hann yfirgripsmikla þekkingu á tollframkvæmd (m.a. lögum og reglum) og samhengi ferla. Í starfinu getur falist í samráði við forstöðumann, umsjón með samskiptum við ráðuneyti, önnur embætti og stofnanir vegna viðfangsefna eða sviðs. Kennsla getur verið hluti af starfinu.

Launaflokkur: 38

Yfirtollvörður er með eftirfarandi einkenni:

Handwritten notes in blue ink: "GSR", "10/2", "JMS", "JMS", "KO".



Aðilar eru sammála um að gera á síðari stigum tillögur til fjármála- og efnahagsráðuneytis á reglugerð nr. 89/2009 um starfsheiti tollvarða:

- Hlutverk starfsstiga. Lýsingu á verksviði/hlutverki þarf að skoða og samræma m.a. út frá þeirri greiningu og útlístu sem kemur fram í samkomulagi þessu (stofnanasamningi) sem og skýrslunni: *Hlutverk stjórnenda – Tillaga að skipulagsbreytingum á tollasviði*. Sem dæmi má nefna að hlutverkum er stundum lýst með of líkum hætti.

#### 4. gr.

##### Röðun starfaflokka í launaflokka

Tollverðir (tímabundin ráðning)	13
Tollverðir (nemar í Tollskóla)	15
Tollverðir	17
Tollsérfræðingar (launaheiti A) (hlutverk staðgengils aðalvarðstjóra – 4 launaflokkar aukalega) (forsvar fyrir minni vaktir – 2 launaflokkar aukalega)	20
Tollsérfræðingar (launaheiti B)	23
Tollfulltrúar	26
Aðalvarðstjórar aðrir (sólarlagsákvæði – launaheiti A)	25
Aðalvarðstjóri á landsbyggðinni (launaheiti B)	28
Aðalvarðstjóri yfir vakt (launaheiti C)	28
Aðstoðaryfirtollverðir	31
Yfirtollverðir	38

GSP  
17/2  
DYS  
RMB SM  
KO



5. gr.

**Persónubundnir þættir – menntun/starfsreynsla**

Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir menntun og/eða starfsreynslu viðkomandi starfsmanns. Meta skal persónubundna þætti til álagsþrepa í launatöflu.

**5.1. Starfsreynsla**

Tollverðir með a.m.k. 5 ára starfsreynslu skulu vera með 1 álagsþrep.

Tollverðir með a.m.k. 10 ára starfsreynslu skulu vera með 3 álagsþrep.

Tollverðir með a.m.k. 15 ára starfsreynslu skulu vera með 4 álagsþrep.

Með starfsreynslu er átt við þann tíma er viðkomandi tollvörður hefur starfað hjá Tollstjóra.

**5.2. Háskólamenntun**

Tollverðir, tollsérfræðingar, varðstjórar, tollfulltrúar og aðalvarðstjórar sem hafa lokið þriggja ára háskólamenntun (180 ects) sem nýtist í starfi skulu vera með 2 álagsþrep.

6. gr.

**Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs**

Í samræmi við jafnréttisstefnu embættis Tollstjóra skal leitast við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar. Tollvörðum skal gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar eftir því sem unnt er, svo sem vegna umönnunar barna og/eða sjúkra fjölskyldumeðlima.

7. gr.

**Ágreiningur og endurskoðun**

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma skal vísað til samstarfsnefnda í samræmi við ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands.

Varðandi endurskoðun vísast til gr. 11.4.3.1. kjarasamnings Tollvarðafélags Íslands og fjármálaráðherra.




8. gr.

**Gildistími o.fl.**




Stofnanasamningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2019. Bókun um viðbótarlaun og matskerfi frá 24. apríl 2018 og viðauki um greiðslu vegna vegalengdar frá starfsstöð að næsta þéttbýli, frá 26. nóvember 2015 halda gildi sínu.

Reykjavík, 20. desember 2018

F.h. Tollvarðafélags Íslands

F.h. Tollstjóra

## Bókun

### Viðbótarlaun og matskerfi

Markmið samstarfsnefndarinnar var að ná samkomulagi um útfærslu á tímabundnum viðbótarlaunum sem byggist á grein 11.3.2.3 í kjarasamningi TFÍ og ríkisins sem undirritaður var 11. nóvember 2015. Aðilar eru sammála um að um sé að ræða tilraunaverkefni sem gildir frá 1. janúar 2018 til 31. mars 2019. Að loknum þeim tíma fellur þessi bókun úr gildi ef samningsaðilar hafa ekki samið um áframhaldandi framkvæmd á viðbótarlaunakerfi samkvæmt þessari bókun.

Þessi bókun lýsir útfærslu sem er efnislega í samræmi við ofangreindan samning, þótt fyrirkomulag framkvæmdarinnar sé annað.

#### I. Umfang og fjöldi greiðslna:

Stefnt er að því að fjöldi greiðslna til starfsmanna verði takmarkaður á þann hátt að hlutfall þeirra starfsmanna sem fá greitt á hverjum tíma verði að jafnaði um 25%. Þetta skal útfært þannig að 25% starfsmanna á Keflavíkurflugvelli fá viðbótarlaun, 25% starfsmanna í Tollhúsi fá viðbótarlaun og 25% þeirra sem starfa ekki á fyrr nefndum starfsstöðvum fá viðbótarlaun. Í þessu sambandi er miðað við annars vegar 9 mánaða tímabil (1. janúar 2018 til 30. september 2018) og hins vegar 6 mánaða tímabil (1. október til 31. mars 2019). Matstímabil eru tvö, þ.e. janúar til og með september (greitt út 1. nóvember 2018) og október til og með mars (greitt út 1. maí 2019). Upphæðin er 35.000 kr. per mánuð og hver greiðsla til starfsmanns sem fær viðbótarlaun er miðuð við annars vegar 9 mánaða tímabil og hins vegar 6 mánaða tímabil.

#### Viðbótarlaun:

Viðbótarlaun eru sem hér segir:

#### Viðbótar starfstengd verkefni, persónubundnir og árangursbundnir þættir

Greiðsla viðbótarlauna byggist á eftirfarandi þáttum. Vægi þátta er mismunandi þannig að þáttur 3 vegur 1,5 miðað við 1 hjá öðrum matsþáttum:

- Þáttur 1: Tímabundið álag. Hér er átt við að mikið álag er á starfsmanni, t.d. vegna viðbótarverkefna, ábyrgðar eða fjarveru annarra. Hér er um að ræða viðbótarálag á núverandi starfsskyldur sem er tímabundið en nær þó að lágmarki yfir fjóra mánuði ársins. (Vægi: 1)
- Þáttur 2: Sérstakur sveigjanleiki eða liðlegheit starfsmanns varðandi vinnutíma sinn og mikill vilji til að leggja sig fram til að embættið nái markmiðum sínum. (Vægi :1)

Dæmi um sérstakan sveigjanleika:

- Starfsmaður samþykkir að vinna lengur en skilgreindan vinnutíma til að þjónusta viðskiptavini eða klára verkefni þegar sérstaklega stendur á.
- Starfsmaður sinni starfi símléiðis eða gegnum tölvu utan vinnutíma þegar sérstaklega stendur á.
- Starfsmaður er reiðubúinn að hliðra vinnutíma þegar það er mikilvægt fyrir starfsemi Tollstjóra. Taka sumarfrí á tímum sem er minna vinsælt eða sýna sérstök liðlegheit varðandi aðstoð í forföllum.

125  
110  
RMG  
RA

- Þáttur 3: Framúrskarandi frammistaða eða afköst. Starfsmaður sýnir frammistöðu eða afköst sem eru umfram kröfur og væntingar í starfi. Dæmi um þætti eru: samskipti, þjónustuvilji, afköst, frumkvæði, fagleg forysta, áreiðanleiki, sjálfstæði, stuðningur við aðra, hugmyndir að úrbótum og elja til að koma þeim í framkvæmd. Aðlögunarhæfni og sveigjanleiki varðandi breytingar o.þ.h. Að standast væntingar og uppfylla almennar kröfur er ekki nægjanlegt til að réttlæta greiðslu fyrir þennan þátt. (Vægi: 1,5)

### Matstafla

Lagt er til að matið fari fram með töflu samkvæmt eftirfarandi, þar sem starfsmenn geta verið metnir með fleiri en einn þátt :

Nöfn	Tímabundið álag Vægi: 1	Sveigjanleiki í vinnu-fyrirkomulagi og umfangi starfs Vægi: 1	Framúrskarandi frammistaða eða afköst skv. mælingum eða mati Vægi: 1,5	Samtals stig
NN				
NN				
NN				
NN				
NN				

### II. Framkvæmd

Til þess að starfsmaður komi til greina við úthlutun viðbótarlauna þarf hann að senda yfirmanni sínum útfyllta matstöflu sbr. hér að framan ásamt greinargerð þar sem farið er yfir forsendur þess hvers vegna starfsmaður telur að hann eigi að fá greidd viðbótarlaun fyrir umrætt tímabil. Starfsmaður skal senda umrædda greinargerð eigi síðar en viku eftir að viðkomandi matstímabili lýkur.

Endanlegt mat á því að hve miklu leyti hver og einn starfsmaður uppfyllir skilyrði þess að fá greitt skv. mati á persónubundnum þáttum er á ábyrgð Tollstjóra en hann hefur samráð við stjórnendahópinn og samráðsnefnd stofnunarinnar áður en ákvörðun er tekin. Millistjórnendur taka þátt í að yfirfara og leggja mat á ofangreinda matstöflu og greinargerð sem starfsmaður leggur fram. Stig eru gefin á mælivarðanum 0 - 3.

0 = á ekki við

1 = á við en lítið/stutt

2= á við, meðal/jafnt álag

3 = umfangsmikið, tímafrekt og íþyngjandi

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "LJ", "K", "AMK", and "BB".

Stefnt er að því að greiða viðbótarlaun samkvæmt samkomulagi þessu tvisvar sinnum fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 31. mars 2019.

Hverjum starfsmanni sem fær viðbótarlaun verður kynnt niðurstaðan í lok matsferlisins og upplýstur um ástæður viðbótarlauna. Starfsmaður sem ekki fær greidd viðbótarlaun á rétt á því að í næsta starfsmannasamtali með sínum yfirmanni sé farið yfir ástæður þess að hann fékk ekki viðbótarlaun ef þess er óskað.

### III. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd Tollstjóra og TFÍ um framkvæmd stofnanasamninga er eftirlitsaðili með framkvæmd matsins og skal hafa aðgang að samantekt um niðurstöður og dreifingu greiðslna skv. því. Á þeim vettvangi eru einnig rædd álitamál sem upp koma.


### IV. Endurskoðun kerfis og fleira

Kerfið verður endurskoðað af hálfu samstarfsnefndar TFÍ og Tollstjóra ef þess er þörf og fellur úr gildi 31. mars 2019 ef samningsaðilar hafa ekki samið um annað.


Samkomulag þetta kemur í stað samkomulags um viðbótarlaun og matskerfi sem var undirritað 14. júní 2017.

Reykjavík, 24. apríl 2018

F.h. Tollvarðafélags Íslands

  
Birna Friðfinnsdóttir  
Birna Friðfinnsdóttir

F.h. Tollstjóra

  
Kanna Óragnadóttir



TOLLSTJÓRI

Víðauki við stofnanasamning á milli embættis Tollstjóra og TFÍ.

Samkvæmt ákvæði 5.4.3 í kjarasamningi TFÍ og ríkisins skulu stofnanir sem eru staðsettar a.m.k. 1,5 km utan marka næsta þéttbýlis, í stofnanasamningi, semja um greiðslu ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

Í samræmi við þetta ákvæði hefur verið mæld sú vegalengd sem er frá næsta þéttbýli að flugstöð Læfis Elríkssonar og telst hún vera 4 km. Samkomulag er því um að það verði greiddir 8 km fyrir hvern dag sem tollvörður, sem á rétt á greiðslu samkvæmt þessum lið, mætir til vinnu. Þeir tollverðir sem eiga rétt á greiðslu eru þeir sem eru í dagvinnu og starfa í flugstöðinni. Þegar gengið er frá þessu samkomulagi eru 7 tollverðir sem falla undir þetta ákvæði. Taling á dögum verður með sama hætti og í lið 5.4.4 varðandi greiðslu ferðatíma. Víðauki þessi er með gildistíma frá 1. febrúar 2014.

Reykjavík, 26. nóvember 2015

f.h. tollstjóra

f.h. TFÍ